

Náms- og starfsráðgjafar Kársnes- og Kópavogsskóla héldu sameiginlega Starfamessu fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í Kópavogsskóla þann 2. nóvember sl.

Óskað hafði verið eftir foreldrum sem væru tilbúnir að kynna starfið sitt og voru það 20 foreldrar sem mættu til leiks. Störfin sem foreldrarnir kynntu nemendum voru mjög fjölbreytt, en þar mátti m.a. finna: tölvunarfræðing, jógakennara, rafvirkja, flugmann, lögreglumenn og efnarfræðing.

Nemendum var skipt í hópa og fékk hver hópur þrjú störf til að kynna sér, en að verkefninu loknu máttu nemendur ganga á milli og kynna sér störfin að vild. Starfamessan gekk vonum framár og er stefnt að því að halda sameiginlega Starfamessu með öllum skólum í Kópavogi næsta haust.



